

## Skýrsla stjórnar 2023-2024

Í stjórn sitja:

Formaður Agnes Vala Bryndal,  
Varaformaður Guðrún Þórarinsdóttir,  
Gjaldkeri María Björk Viðarsdóttir / Ólöf R. Sigurðardóttir,  
Meðstjórnandi Guðlaug M. Ingvadóttir,  
Varamenn Jóhanna Árnadóttir og Guðborg Eyjólfadóttir

Kæru félagar,

Því miður verð ég að byrja þessa ræðu mína á því að færa ykkur þá sorgarfrétt að gjaldkeri félagsins María Björk Viðarsdóttir, sem kosin var inn á síðasta ári, lést síðastliðinn mánudag eftir skammvinn erfið veikindi. Við minnumst hennar með þakklæti og sendum einkasyni hennar samúðarkveðjur. Mig langar að biðja ykkur um að rísa úr sætum og minnast hennar með einnar mínútu þögn.

Þakka ykkur fyrir.

Árið hefur verið viðburðaríkt hjá félaginu okkar sem endranær og var haldin glæsileg ráðstefna í nóvember síðast liðin sem Fræðslunefnd skipulagði með miklum sóma. Einnig hafa verið haldin þó nokkur vel sótt námskeið en Fræðslunefnd mun fara dýpra í það í sinni skýrslu. Á árinu voru haldnir 10 stjórnarfundir. Þar bar hæst sú vinna sem hluti stjórnar tók að sér við að ganga frá undirbúningi að gögnum fyrir félagsmenn sem lúta að áhættugreiningu eigin rekstrar. Mikil vinna í samvinnu við KPMG hefur farið fram vegna þessa og meðal annars komu tenglar stjórnar við FVB frá KPMG á ráðstefnuna í nóvember og kynntu í meginatriðum það sem liggur til grundvallar þessarar greiningar og hversu mikilvæg hún er til þess að við stöndum sem bókarar réttu megin við skilyrði skattayfirvalda í þessu tilliti.

Við eigum von á því að geta haldið einhverskonar vinnustofu samhliða kynningu á þessum gögnum fyrir félagsmenn innan tíðar og vonandi sjá flestir sér hag í því að sækja þann viðburð og ekki síst nýta sér gögnin sem standa félagsmönnum til boða. Fyrirkomulag aðgengis að gögnum verður með þeim hætti að þau verða vistuð inni á innri vef félagsins en þeir sem kjósa að nýta sér þau munu þá greiða eingreiðslu að upphæð kr. 10.000. Stjórnin ákvað á síðasta stjórnarfundi að best væri að leggja í hendur nýrrar stjórnar að útfæra árlegar vinnustofur sem getur verið nytsamlegt að vera með þegar þarf að fara í greiningu en hún þarf samkvæmt lögum að vera framkvæmd árlega.

Félagsmenn

Í félaginu um síðast liðin áramót voru 450 félagar og hefur þeim fækkað í takt við það sem stjórnin var búin að áætla, 9 félagar bættust í hópinn og 14 félagar bættust í hóp lífeyrisþega.



Félag viðurkenndra bókara

### Útskrift

Útskrift viðurkenndra bókara fór fram á síðasta ári og einnig er verið að útskrifa síðustu viðurkenndu bókarana undir hatti ráðuneytis núna á næstu dögum. Þessir hópar fá kynningarbréf frá félaginu þar sem þeir eru hvattir til inngöngu.

### Launakönnun

Hin árlega launakönnun var lögð fyrir félagsmenn fyrir stuttu og því miður vorum við ekki búnar að fá niðurstöðurnar fyrir fundinn en þeim verður dreift við fyrsta tækifæri.

### Félagsgjöld

Félagsgjöldin eru óbreytt frá síðasta ári eða kr. 18.000 og eru þau áfram innheimt í tvennu lagi þ.e., að vori og hausti. Stjórn hyggst ekki leggja fram tillögu um hækkun á þessum fundi.

Stjórnin þakkar öllum þeim félagsmönnum, sem starfað hafa fyrir félagið á undanfögnu ári fyrir þeirra framlag, sum þeirra hverfa nú til annarra verka þar á meðal ég og aðrir taka við keflinu. Einnig þökkum við Ingu starfsmanni fyrir hennar störf og gott samstarf.

Öllum félagsmönnum þakkar stjórnin gott samstarf á liðnu ári og óskar þeim áframhaldandi velfarnaðar.

**Reykjavík, 15. mars., 2024**

### Stjórn félags viðurkenndra bókara

---

Agnes Vala Bryndal, formaður FVB

---

Guðrún Þórarinsdóttir, varaformaður FVB

---

María Björk Viðarsdóttir, gjaldkeri FVB

---

Guðlaug M. Ingvadóttir, meðstjórnandi FVB

---

Ólöf R. Sigurðardóttir, meðstjórnandi FVB